

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs var haldinn mánudaginn 15. júní 2020 á Grand hóteli Reykjavík, Háteig, Sigtúni 38, Reykjavík. Fundurinn hófst kl. 17:00. (Til hafði staðið að funda 2. apríl 2020 en vegna heimsfaraldurs Kórónuveiru var fundinum frestað)

Mætt voru til fundarins fulltrúar úr stjórn Birtu, framkvæmdastjóri, 56 skipaðir fulltrúar auk annarra sjóðfélaga, um 25 talsins. 10 voru mættir úr hópi atvinnurekenda og 46 fulltrúar launamanna. Engin umboð voru veitt.

Ingibjörg Ólafsdóttir, stjórnarformaður Birtu, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Ingibjörg gerði tillögu um Arnar Sigurmundsson sem fundarstjóra og var sú tillaga samþykkt. Arnar tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og gerði tillögu um Írisi Önnu Skúladóttur sem fundarritara.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins. Hann var auglýstur með rafrænu fundarboði til aðildarféлага og aðildarfyrirtækja, dagsettu 18. maí 2020. Var hann auglýstur í Fréttablaðinu og í Morgunblaðinu 23. maí. Þá var hann auglýstur á Ríkisútvarpinu 8. og 15. júní. Loks voru fulltrúar minntir á fundinn með rafrænu fundarboði eða símhringingum eftir því sem við átti. Lýsti fundarstjóri fundinn því lögmatan og var gengið til dagskrár.

Fundarstjóri kynnti dagskrá fundarins sem var samkvæmt samþykktum eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Hluthafastefna sjóðsins
6. Starfskjarastefna sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins
8. Stjórnarkjör, skv. grein 5.1
9. Kjör endurskoðanda
10. Kjör nefndar um laun stjórnarmanna
11. Tillögur um breytingar á samþykktum
12. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Ingibjörg Ólafsdóttir, stjórnarformaður Birtu, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.

Árið 2019 var hagfellt ár. Því miður tók við heimsfaraldur en engu að síður stendur sjóðurinn vel. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 10 ár eru 4,74% og er sjóðurinn langtímafjárfestir. Eignum er vel dreift og áhættan hófleg en lágt vaxtastig er áskorun. Lengri lífaldur hefur einnig haft í för með sér hækkan lífeyrisskuldbindingar sem hefur verið mætt með herra iðgjaldi.

Birta er metnaðarfullur og framfarasinnaður lífeyrissjóður og hefur sýnt það í verki. Fyrst má nefna að nú, í fyrsta sinn, er fylgt staðli samkvæmt meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, *UN Principles for Responsible Investments*, og ófjárhagslega upplýsingamiðlun þar sem við á. Umhverfis- og loftslagsmál skipta sjóðinn máli og er eitt af markmiðum Birtu að stuðla að sjálfbærni til langs tíma. Birta lífeyrissjóður og starfsmenn leggja sitt af mörkum og hefur Birtuskógurinn kolefnisjafnað starfsemi næstu 35 ára.

Viðskiptalíkan Birtu miðar að því að skapa verðmæti fyrir sjóðfélaga. Markmið og hlutverk sjóðsins eru skýr og árangursmælikvarðar eru fyrir hendi. Tekið er á móti iðgjöldum, þau ávöxtuð og greiddur út lífeyrir við starfslok. Lánastarfsemi sjóðsins hefur tekið miklum framförum að undanfögnu og hægt

er á ótrúlega skömmum tíma að afgreiða umsóknir með rafrænum hætti, starfsfólki og sjóðsfélögum til mikillar hagræðingar. Í lok síðasta árs var lánareglum breytt lítillega og kröfur um lánsrétt hertar með það að markmiði að halda sjóðfélagalánum innan tilskilinna marka í eignasafni Birtu auk þess sem bætt var inn lánum með auknu veðhlutfalli vegna fyrstu fasteignakaupa.

Stjórnarseta í lífeyrissjóði er stærra ábyrgðarmeira verkefni en hún gerð sér grein fyrir í upphafi og stendur sameining sjóðanna upp úr og þykir hafa gengið vel og skilað tilætluðum árangri. Hrósar hún stafsólki sjóðsins fyrir framúrskarandi vinnubrögð, viðmót og þjónustulipurð og þakkar gott samstarf. Þakkar hún einnig sjóðfélögum fyrir virka þátttöku í lífeyrissjóði sínum og segir það mikilvægt. Hún yfirgefur stjórn nú eftir átta ára samfellda setu.

Gerir fundarstjóri að tillögu að umræða um dagskrárliði 1-3 sé tekin eftir lið 3 og var því ekki andmælt. Bauð hann þá Ólafi Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Birtu að gera grein fyrir ársreikningi.

2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Ársreikningurinn er í samræmi við lög, endurskoðaður af ytri endurskoðanda án athugasemda en með ábendingu til sjóðfélaga um Covid 19 og að aðstæður kunni að hafa breyst frá gerð hans. Í ljós hefur komið að sjóðurinn hefur vaxið frá áramótum og ábending því reynst óþörf. Endurskoðunarnefnd hefur yfirfarið reikninginn og innri endurskoðendur hafa birt úrbótaskýrslu til stjórnar. Fjármálaeftirlitið hefur einnig verið í reglulegum samskiptum við sjóðinn. Ólafur gerði nýja ársskýrslu Birtu að meginefni yfirferðar sinnar. Ársskýrslan er samkvæmt GRI stuðli og tekur mið af því megin markmiði að byggja upp sjálfbært samfélag. Í því felst að ekki eru lengur aðeins birtar upplýsingar um iðgjöld og ávöxtun heldur er einnig gerð grein fyrir viðskiptalíkani sjóðsins. Lögð er áhersla á að veita frábæra þjónustu með fagmennsku, ábyrgð og heiðarleika að leiðarljósi.

Iðgjöld jukust milli ára úr 17,6 milljörðum í 19,3. Greiddur lífeyrir jókst einnig og lífeyrisþegum fjölgaði milli ára sem bendir til þess að sjóðurinn sé heldur að eldast. 1389 voru úrskurðaðir á lífeyri. Eftir að hafa greitt út lífeyri og rekið sjóðinn voru um 6 milljarðar til fjárfestinga. Fjárfestingastarfsemi gekk einstaklega vel. Tekjur námu 53 milljörðum borið saman við 18 milljarða árið áður. 11,2% raunávöxtun árið 2019 er með því betra sem sjóðurinn skartar í sögulegu samhengi og er 10 ára meðalávöxtum yfir tilætluðum mörkum eins og áður kom fram.

Birta sýnir ávöxtun niður á einstaka fjárfestingar frá upphafi fjárfestingar og gengur þar með lengra en aðrir sjóðir í upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Tók hann fram að launakostnaður auk upplýsingatækni-kostnaðar svara til um 82% af kostnaðargrunni sjóðsins. Reynt er að innleiða og nýta tækni til að bæta þjónustu án þess að tölvukostnaðinn verði meiri en það hagræði sem hún felur í sér. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af meðaleignum lækkar milli ára úr 0,19% í 0,17% sem talið er vel samkeppnishæft og ekki hærra en hjá sambærilegum sjóðum. Stöðugildi voru færri á árinu vegna fæðingarorlofs starfsanna.

Kynnt var árangursmat stjórnar sem kom vel út. Einnig voru kynnt heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem verða gerð sýnileg á heimasíðu sjóðsins og eins táknrænt með teningum sem hafa verið gerðir, einn fyrir hvert markmið. Einfaldasta markmiðið er markmið nr. 17. en það er yfirlýsing um þann heiðarlega vilja að vinna með mótaðilum að því að markmiðin náist. Eiga þau að gera samfélagið sjálfbærara til framtíðar og skila ábata og virðisauka.

Helstu kennitölur ársins eru eftirfarandi: Birta er fjórði stærsti sjóðurinn á landsvísu. Ávöxtun var mjög góð eða 11,2%, 19,3 milljarðar voru greiddir inn í formi iðgjalda, 12,4 milljarðar voru greiddir út í lífeyri, virkir sjóðfélagar voru um 15.800 og hrein eign sjóðsins í árslok um 432 milljarðar.

Tryggingafræðileg staða í lok árs var -1,81% og þannig nánast komin í jafnvægi á sjóðinn og eru vonir bundnar við að það náist á yfirstandandi ári.

Fundarstjóri þakkaði Ólafi fyrir góða yfirferð og bauð Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærð-fræðingi sjóðsins að gera grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu Birtu.

3. Tryggingafræðileg athugun

Tryggingafræðileg athugun snýst um mat á því hversu miklar skuldbindingar sjóðsins eru á móti eignum. Reiknilíkön byggja á forsendum um lífslíkur, örorkulíkur og vexti.

Athuginin á við samtryggingardeildina. Bornar eru saman eignir og verðmæti iðgjalda við þau útgjöld sem loforð sjóðsins um lífeyrisrétt bera með sér. Vegna óvissu eru notuð líkön og er aðferðin hefðbundin. Hrein eign til greiðslu lífeyris eru 414 milljarðar. Gerðar eru minni háttar breytingar á eignamati eins og það birtist í ársreikningi. Í fyrsta lagi er mat á skuldbindingum þannig að gert er ráð fyrir 3,5% ávöxtun á allar eignir og því rétt að meta skuldabréfasafnið miðað við sömu ávöxtunarkröfu. Mörg verðbréf bera þó lægri vexti en 3,5% og því fáum við 7,6 milljarða lækkun. Önnur breytingarfærsla er almenn öryggisráðstöfun. Fyrir eignir með breytilegar tekjur á markaði, skal tekið það gildi sem lægra reynist, áramóttagengi eða meðaltal síðastliðinna þriggja mánaða. Þarna kemur líka lækkun upp á 5,7 milljarða. Síðan er mat á rekstrarkostnaði. Auk þess að greiða út lífeyri fylgir ákveðinn kostnaður svo sem starfsmannahald, tölvukerfi og fleira.

Mat á framtíðarkostnaði er byggt á raunkostnaði síðastliðinna þriggja ára. Þar kemur frádráttur upp á 17 milljarða. Þá á eftir að móttaka iðgjöld frá núverandi sjóðfélögum. Þar kemur inn plús liður, framtíðariðgjöld upp á 235 milljarða. Samtala þessara liða er því 619 milljarðar. Skuldbindingar eru að stærstum hluta eftirlaunalífeyrir eða 551 milljarður en einnig aðrar tegundir lífeyris. Samtala skuldbindinga er 631 milljarður. Hlutfall af samtölu áfallinnar stöðu og viðbótarskuldbindinga fer þannig úr -3,8% í -1,8%. Breyting á áföllnu stöðunni fer úr -7,1% í -3,3% og skýrist að miklu leyti af góðri ávöxtun síðastliðins árs.

Frá því því tryggingafræðileg úttekt var gerð hjá Birtu í árslok 2018 er búið að uppfæra lífslíkur frá meðalævilíkum árunna 2010-14 yfir í 2014-18. Við það hækkaði áætlaðar lífslíkur karla umfram kvenna sem hefur meiri áhrif á stöðu Birtu en flestra annara sjóða. Breyting skuldbindinga frá fyrra ári felur í sér hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta, hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins, lækkun vegna greidds lífeyris á árinu, hækkun vegna nýrra lífslíkatafna og lækkun vegna annarra breytinga. Það skýrir hækkun skuldbindinga úr 347 milljörðum í 406 milljarða. Niðurstaðan er jákvæð heilt á litið og jafnvægi innan seilingar.

Fundarstjóri gaf orðið laust um dagskrárliði 1-3.

Georg Páll Skúlason rifjar upp að Sameinaði lífeyrissjóðurinn hafi gerst aðili að ábyrgum fjárfestingum Sameinuðu þjóðanna 2006 og hrósar því starfi sem nú er unnið í tengslum við markmið Sameinuðu þjóðanna. Þakkar hann þeim stjórnarmönnum sem hætta nú vegna 8 ára reglunnar. Hrósaði hann starfsfólki og stjórn fyrir vel heppnaða sameiningu sjóðanna, starfsemi ársins og góða ávöxtun. Rekstrarkostnaður lækki milli ára og áhættustýring sé góð. Hann kom inn á að valnefnd hafi auglýst eftir framboðum til stjórnar og 12 framboð borist launamannamegin sem sýni lýðræðislega þróun. Af 90 fulltrúum launamanna hafi 70 nýtt atkvæðisrétt sinn og valið stjórn fyrir hönd launamanna sem kynnt verði síðar á fundinum. Vildi hann að endingu koma á framfæri hrósi til starfsfólks og stjórnar.

Sæmundur Alfreðsson er lífeyrisþegi í sjóðnum í gegnum viðskiptalífið í gegnum Stafli lífeyrissjóð. Vildi hann brýna fyrir skrifstofunni að viðhalda góðu sambandi við sjóðfélaga sem koma úr gamla Samvinnulífeyrissjóðnum. Landadeildir fyrirtækja beini ungu fólki ekki endilega í Birtu í dag.

Telur hann ástæðu til þess að beina því til þeirra sem ávaxta eignir sjóðsins að horfa fram á við, meta framtíðina en vera ekki föst í fortíð. Lærdóm megi draga af síðustu kreppu, en þeir sem hafi horft fram á veginn þá, hafi staðið betur af sér það hrún sem þá varð. Þakkar hann góðan árangur á árinu, einkum góða raunávöxtun. Benti hann á að vextir væru í sögulegu lágmarki og mögulegt að það markmið sem lífeyrissjóðum sé sett um 3,5% raunávöxtun muni ekki endilega standast. Það sé lánað út á vöxtum sem séu undir viðmiði.

Bað hann um að gerð yrði grein fyrir helstu áföllum sjóðsins á árinu og einnig helstu ljósu punktunum. Hann nefndi í því samhengi Gamma, Bakka á Húsavík og Icelandair. Taldi hann mikilvægt að Íslendingar eigi sitt eigið flugfélag en segir að hans reynsla sé að til langs tíma hafi fjárfesting í flugfélagi yfirleitt ekki reynst arðbær. Þrátt fyrir að ávöxtun síðastliðins árs sé góð megi skrifa hana að einhverju leiti á veikingu íslensku krónunnar.

Ólafur Sigurðsson bað um orðið og svaraði fyrirspurn Sæmundar. Sagði hann að iðgjöld hafi ekki dofnað enn frá gömlu Sambandsfyrirtækjunum. Flestir stærstu launagreiðenda Sambandsins hafi áfram greitt til sjóðsins þó eitthvað hafi iðgjaldið mögulega dofnað í gegnum árin. Markmiðið 3,5% sé heildarmarkmið allra skuldbindinga og geti því arðbærari fjárfestingar bætt að einhverju leyti upp fyrir lága vexti skuldabréfa en sjóðurinn sé meðvitaður um þær áskoranir sem fylgi lágu vaxtastigi. Þá bendir hann á að á blaðsíðu 24 í ársreikningi sem lagður var fram á ársfundinum sé gengið langt í því að birta það sem miður hafi farið og eins það sem gekk vel. Sagði hann að eignarhlutur í Bakkastakki, eignarhaldsfélagi um framkvæmdir við Bakka á Húsavík, hafi verið færður niður til varúðar. Krafan sé þó ekki afskrifuð. Vildi hann bíða með að svara því til hvernig sjóðurinn muni haga málum sínum í tengslum við Icelandair. Vel verði ákvörðuninni staðið en bæði aðfengin ráðgjöf og ráðgjöf reynslumikils starfsfólks sjóðsins í eignastýringu muni leiða til þess að tekin verði vel ígrunduð og góð ákvörðun þegar þar að komi.

Ekki tóku fleiri til máls og bar fundarstjóri upp dagskrárliði 1-3 sem voru til kynningar og afgreiðslu skv. samþykktum sjóðsins og voru þeir samþykktir samhljóða.

Næst var komið að yfirferð á fjárfestingarstefnu sjóðsins og bauð fundarstjóri Soffiu Gunnarsdóttur, forstöðumann eignastýringarsviðs, að gera grein fyrir henni.

4. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Fjárfestingarstefna sjóðsins er mótuð af stjórn með aðkomu fjárfestingaráðs á grundvelli laga um lífeyrissjóði og reglugerðar um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða með síðari breytingum. Val og vægi eignaflokka takmarkast að mestu leyti af lögbundnum fjárfestingarheimildum, reglum sem sjóðurinn setur sér, langtíma skuldbindingum hans og aðstæðum á markaði hverju sinni.

Mikilvægt er að undirstrika að Birta er langtímafjárfestir og hagar fjárfestingum sínum því samkvæmt. Fjárfestingarstefnuna má finna á heimasíðu sjóðsins. Eins og fram hefur komið erum við stolt af ársskýrslu Birtu sem í fyrsta sinn er gefin út á rafrænu formi í samræmi við GRI staðla. Ávöxtun var afar góð á síðasta ári, þar á meðal ávöxtun innlendra og erlendra hlutabréfa sem bar af, en báðir eignaflokkar skiluðu yfir 25% raunávöxtun. Deildin skilaði 11,2% raunávöxtun sem samsvarar 14,2% nafnávöxtun. Talsverð aukning var í flokknum fasteignaveðtryggð skuldabréf eða um 1% sem samsvarar 15 milljörðum, að meðtalinni ávöxtun. Vægi innlendra hlutabréfa jókst um 2,1% og

erlendra hlutabréfa um 3,3%. Nettó kaup á árinu í þessum eignaflokkum voru um 3,6 milljarðar króna. Vægi óhefðbundinna fjárfestinga stóð í stað milli ára en um tveir þriðju hlutar þeirra er gengisbundinn.

Fjárfestingarstefna og ávöxtun séreignarleiðanna þriggja er ólík eftir leiðum, allt frá 100% bundnum innlánnum til blöndu hlutabréfa og skuldabréfa. Raunávöxtun leiðanna á árinu 2019 var eftirfarandi: 1,6% fyrir innlánsleiðina, 6,1% fyrir skuldabréfaleiðina og 14,9% fyrir blönduðu leiðina.

Tilgreinda séreignin er leið sem byrjað var að bjóða upp á 1 júlí 2017. Aðeins er ein fjárfestingaleið í tilgreindri séreign. Upphæð tilgreindu séreignarinnar er enn heldur lág en var um 960 milljónir króna síðastliðin áramót. Á síðasta ári var raunávöxtun leiðarinnar með ágætum, 8,1%.

10 ára meðaltal raunávöxtunar samtryggingardeildar er 4,7% og er viðunandi samanborið við ávöxtun annarra sjóða.

Birta getur skilgreint fjárfestingar eftir sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og gert betur grein fyrir því hvernig þær stuðla að sjálfbærri þróun. Til að mynda falla vörur Össurar vel að markmiði 3 sem er heilsa og vellíðan.

Uppsöfnuð nafnávöxtun fyrstu fjögurra mánaða ársins 2020 2,9% og raunávöxtun 2,4%. Fyrir séreignarleiðirnar er hún 0,37% fyrir leið 1, 4,18% fyrir leið 2 og 2,90% fyrir leið 3. 1,05% fyrir tilgreindu séreignina.

Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárfestingarstefnu sjóðsins. Enginn kvað sér hljóðs. Næst bauð hann Ólafi Sigurðssyni að kynna hluthafastefnu eða eigendastefnu sjóðsins.

5. Hluthafastefna sjóðsins

Á ársfundi Birtu 2019 fyrir rúmu ári var lögð fram tillaga til ályktunar af hálfu Óskars Guðmundssonar sem fjallaði um að sjóðurinn leitaðist við að fjárfesta í fyrirtækjum sem greiði stjórnendum sínum ekki hærri laun en sem svari til sexfaldrar miðgildislauna á mánuði. Stjórn mat óskynsamlegt að setja viðmiðið í fjárfestinga-/eigendastefnu. Hún er yfirfarin reglulega og er birt á heimasíðu sjóðsins. Einnig er að finna á heimasíðu upplýsingar um ákvarðanir, athafnir, það lof og það last sem starfsmenn sjóðsins koma á framfæri fyrir hönd sjóðfélaga á hluthafafundum skráðra fyrirtækja sem sjóðurinn á eignarhlut í.

Næsti liður er starfskjarastefna sjóðsins. Benti fundarstjóri á að hana er að finna á heimsíðu Birtu.

6. Starfskjarastefna sjóðsins

Fundarstjóri upplýsti um að starfskjarastefnan sé óbreytt milli ára en þó þurfi að bera hana upp til atkvæðagreiðslu. Engar spurningar voru um stefnuna og kusu allir með, enginn sat hjá og ekkert mótatkvæði.

Þá var komið að liðnum um laun stjórnarmanna og nefnda sjóðsins. Bað fundarstjóri Kristján Þórð Snæbjarnarson, úr launanefnd Birtu, að kynna tillögur nefndarinnar.

7. Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins

Launanefnd fundaði um málefnið í tvígang. Tillaga hennar er að laun stjórnar hækki um 95% af hækkun launavísitölu Hagstofu Íslands frá mars 2019 til febrúar 2020. Hækkun vísitölunnar var 4,8% á tímabilinu en 95% af hækkuninni er því 4,56%. Upphæðir eru námundaðar að næsta hálfu eða heila þúsundi.

Tillaga launanevndar er því svohljóðandi:

Aðalmenn stjórnar: 111.000 kr. (áður 106.000 kr.)

Formaður stjórnar: 222.000 kr. (áður 212.000 kr.)

Varaformaður stjórnar: 166.500 kr. (159.000 kr.)

Varamenn stjórnar: 24.500 kr. (mánaðarleg greiðsla, ef varamaður situr stjórnarfund þá fær hann full laun aðalmanns þann mánuðinn) (áður 23.500 kr.)

Í launanevnd eru Jóhann Rúnar Sigurðsson og Kristján Þórður Snæbjarnarson af hálfu launamanna og Jón Sigurðsson og Bára Mjöll Ágústsdóttir af hálfu atvinnurekenda.

Var orðið gefið laust um tillöguna.

Ólafur Hrórarsson segir 50.000 manns atvinnulausa eða á hlutabótaleiðinni. Telur hann hækkunina ekki í takt við það sem sé að gerast í samfélaginu. Í besta falli mættu launin standa óbreytt að hans mati.

Var tillagan því næst borin upp til atkvæðagreiðslu. Var tillagan samþykkt af þorra fundarmanna, en einn var á móti og tveir sátu hjá.

- Stjórn Birtu fól fundarstjóra að bera upp viðbótartillögu stjórnar undir þessum lið sem snýr að því að dekkja vinnutap vegna undirbúnings fyrir hæfismats FME. Stjórn fjallaði um málið á fundi 8. júní og felur tillagan í sér að þeir stjórnarmenn sem fari í hæfismat fái allt að 275.000 kr. eingreiðslu til þess að dekkja vinnutap vegna undirbúnings fyrir matið. Nýir stjórnarmenn eru boðaðir í hæfismat þar sem þriggja manna ráðgjafanevnd hjá FME metur hæfi þeirra. Eftir stofnun Birtu hafa greiðslur ekki verið greiddar sérstaklega til stjórnarmanna vegna þessa. Ekki reynir mikið á ákvæðið, mögulega einn til tveir aðilar á ári. Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt mótakvæðalaust, en einn fundarmanna sat hjá.

Stjórnarkjör var næst á dagskrá.

8. Stjórnarkjör, skv. grein 5.1

Kjörfundur í fulltrúaráði launamanna var haldinn 8. júní 2020 og fór þar fram stjórnarkjör launamanna og hlutu eftirfarandi aðilar kosningu:

Aðalmenn:

Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir, til 2021

Hilmar Harðarson, til 2021

Hrönn Jónsdóttir, til 2022

Jón Kjartan Kristinsson, til 2022 (nýr stjórnarmaður)

Varamenn:

Garðar A. Garðarsson, til 2021

Bára Laxdal Halldórsdóttir, til 2022

Samtök atvinnulífsins sendu Birtu skipunarbréf, dagsett 2. júní 2020, þar sem útnefndir voru aðal- og varamenn í stjórn Birtu fyrir hönd atvinnurekenda en þeir eru eftirfarandi:

Aðalmenn:

Davíð Hafsteinsson, til 2021

Guðrún Jónsdóttir, til 2021

Pálmar Óli Magnússon, til 2022**Póra Eggertsdóttir, til 2022 (nýr stjórnarmaður)****Varamenn:**

Guðbjörg Guðmundsdóttir, til 2021

Bolli Árnason, til 2022

Svo vill til að formaður og varaformaður eru báðir að hætta í stjórn vegna átta ára reglunnar. Stjórnarmenn (aðalmenn) geta aftur tekið tekið sæti í stjórn eftir þriggja ára fjarveru. Ný stjórn var boðin velkomin með lófataki.

9. Kjör endurskoðanda

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er Kristinn Kristinsson hjá PwC og var lagt til að hann yrði endurkjörinn. Tillagan var lögð fram að fenginni umsögn endurskoðunarnefndar Birtu. Var tillagan samþykkt með lófataki.

10. Kjör nefndar um laun stjórnarmanna

Nefndin var skipuð á stofnfundi Birtu 29. september 2016. Skv. gr. 6.6 er kjörtímabil nefndarinnar þrjú ár. Þá var kosið til 2019 og árið 2019 var kosið til næstu þriggja ára eða til ársfundar 2022. Í launanefnd eru eins og áður sagði Jóhann Rúnar Sigurðsson og Kristján Þórður Snæbjarnarson af hálfu launamanna og Jón Sigurðsson og Bára Mjöll Ágústsdóttir af hálfu atvinnurekenda.

11. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Engar samþykktarbreytingar lágu fyrir fundinum.

Þá var komið að liðnum um önnur mál.

12. Önnur mál

Skv. Grein 6.5. þurfa tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi að berast eigi síðar en viku fyrir ársfund. Ein tillaga var löglega upp borin. Flutningsmanni tillögunnar, Páli Pálssyni, var boðið að gera grein fyrir tillögunni.

Páll er sjóðfélagi með lán hjá sjóðnum og hefur í gegnum árin sett það í forgang. Nú eru óvenjulegar aðstæður og ekki óeðlilegt að bregðast við með óvenjulegum aðferðum. Hans lán er verðtryggt með föstum vöxtum. Leggur hann til að Birta greiði/felli niður eina afborgun allra íbúðarlána sumarið 2020 og þeir sem greiði sjaldnar en mánaðarlega fái 1/12 af árlegri afborgun niðurfellda. Ávinningurinn með þessu sé að auknar líkur séu á því að fleiri standi í skilum og þetta sé til þess fallið að snúa hjólum atvinnulífsins af stað. Ef þessi aðgerð dugi ekki megi endurskoða og endurtaka í lok árs.

Páll greindi frá stuttu viðtali við Ursulu hjá ESB varðandi styrki til landa, um 750 milljarðar Evra. Sagði hún að nú væri tími samstöðu. Ekkert aðildarríki geti staðið eitt og sér. Öll þurfum við því að leggja eitthvað af mörkum því ábatinn sé mun meiri. Í því samhengi benti hann á að ávinningurinn af því að hjálpa lánökum með þeim hætti sem lagt væri til yrði öllum sjóðfélögum til hagsbóta.

Honum þyki undarlegt að stjórn komi ekki með neinar tillögur til að koma til móts við sjóðfélaga sína á þessum tímum. Segir hann frystingar afborgana, sem áður hafi verið í boði, og séu í boði nú, séu ekki ný lausn og sagði jafnframt óboðlegt að aðhafast ekkert.

Gylfi Ingvarsson spyr hvað afborganir séu misjafnlega háar og er því svarað til að þær séu mjög mis háar eftir upphæðum lána, vöxtum og fjölda gjalddaga, allt frá 5 þúsund krónum og upp í 300 þúsund krónur hér um bil.

Ólafur Sigurðsson þakkar Páli Pálssyni fyrir. Stjórn telur sér ekki heimilt að verða fyrir þessari tillögu og skorti til þess umboð. Benti hann á að vextir Birtu séu með því lágsta sem gerist og einhverjum þyki jafnvel of lágir. Boðið sé upp á skilmálabreytingar og lengingar í lánum sem fela í sér frestun gjalddaga þrátt fyrir að starfsfólk hafi að miklu leyti unnið að heiman.

Einar Hafsteinsson vekur athygli á því að þetta myndi kosta sjóðinn mikið. Fram kom talan 600 milljónir, grófalega áætlað.

Pétur segist hafi fengið sekt um 500.000 kr. frá Ríkissjóði. Hann hafi verið tvírukkaður um upphæðina þar sem innheimtukerfið hafi verið lélegt. Hann hafi verið með lán hjá ÍLS en ekki getað lækkað höfuðstólinn því hann hefði þurft að greiða tveimur mínútum áður en gjalddaginn væri úti.

Vilhjálmur Gunnarsson lítur á sjóðinn sem okkar lífeyrissjóð. Það skuldi ekki allir lífeyrissjóðslán og finnst hér lagt til að þeir sem ekki skuldi lán, færi þeim gjafir sem skuldi lífeyrissjóðslán. Hann sé því alfarinn á móti tillögunni.

Páll Pálsson tekur til máls. Segir hann að ef hann geti ekki greitt af láni sínu, tapi sjóðurinn. Velti hann fyrir sér hver margra prósentu afsláttur þetta væri og telur það mjög litla prósentu. Spyr hann salinn hversu margir hafi misst vinnu og fóru þrjár hendur á loft. Sagði hann taka mikið á fyrirtæki að greiða laun þegar tekjusaðráttur sé mikill. Sé hægt að halda mönnum í vinnu lengur sé það allra hagur.

Einar Hafsteinsson spyr hvað löginn um lífeyrissjóði segi um málið.

Ólafur Sigurðsson segir skuldabréf vera með ákveðnum skilmálum sem Birtu sé ekki heimilt að breyta einhliða.

Georg Páll Skúlason telur óæskilegt að tekin sé til atkvæðagreiðslu tillaga sem ekki sé víst að standist lög.

Pétur nefnir að hann sé ekki tilbúinn að lækka lífeyrisgreiðslur til sín.

Páll Pálsson vonar að þessu sjónarmið séu ekki almenn. Mörg fyrirtæki séu að fá lánafyrirgreiðslur á hagstæðum vöxtum til þess að koma hjólum atvinnulífsins af stað. Vill hann enda á því að segja að lög og reglur séu mannanna verk og þó ef til vill sé ekkert hægt að gera núna telur hann því miður að sjóðurinn muni tapa meira á því að gera ekki neitt. Spyr hann að lokum hvað lífeyrissjóðurinn og stjórnin ætli að gera.

Fundarstjóri þakkar fyrir og ber tillögu Páls undir fundinn. Tveir voru **henni** samþykkir, yfirgnæfandi meirihluti á móti og nokkrir sátu hjá. Var tillagan því felld.

Fundarstjóri greindi frá því að lokinni atkvæðagreiðslu um tillögu Páls, en hann var formaður Landssambands lífeyrissjóða í bankahrúninu, en þá þurftu lífeyrissjóðirnir að taka slaginn oftast en einu til að koma í veg fyrir að sjóðunum væri gert skylt að lækka höfuðstól útistandandi lána. Löginn um

lífeyrissjóði standa með sjóðunum í slíkum málum og leystust þau mál að lokum með farsælum hætti fyrir sjóðina.


Skúli Sigurðsson, minntist þess þegar Stafir og Sameinaði tóku sig saman og mynduðu Birtu. Telur hann að birta muni til ef lífeyrissjóðurinn aðstoði Pál með tillöguna því þó hún hafi verið felld sé hún ansi mögnuð. Hægt sé að haldið uppi málstað þeirra sem eigi í erfðleikum. Það sé Birta.

Ólafur Sigurðsson þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum. Voru þau leyst út með blómum, konfektí og lófaklappi fundarmanna.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að ganga frá fundargerð með fundarritara eftir fundinn. Upplýsti hann um að ný stjórn myndi funda strax að loknum ársfundi og skipta með sér verkum, venju samkvæmt.

Þakkaði hann fundarmönnum fyrir góðan fund og málefnalegar umræður og sagði fundi slitið kl. 18:55.


Arnar Sigurmundsson, fundarstjóri


Íris Anna Skúladóttir, fundarritari